

-Rekstur og viðhald slíkrar þyrilu er kostnaðarsamt og bindur verulegt

fjármagn í eina einingu

-H225 þýrlan er fyrst og fremst sérhæfð leitar og björgunarþýrla en ekki hönnuð fyrir daglega bráðabjónustu

-Útkallstími og viðbragðstími slíkra véla er almennt lengri en hjá sérhæfðum sjúkraþýrlum

Við viljum jafnframt vekja athygli á raunhæfum valkosti sem myndi styrkja bráðabjónustu við fleiri landsvæði í senn. Þar er um að ræða uppbyggingu sérhæfðrar HEMS þjónustu með minni þýrlum á borð við Airbus Helicopters H135 eða H145, sérstaklega hannaðar fyrir bráðabjónustu og sjúkraflutninga. Sama fjárhæð og talað er um í þingsályktunartillögunni gæti staðið undir rekstri fjögurra minni og sérhæfðra sjúkraþýrla, HEMS, staðsettra í mismunandi landshlutum.

Slík lausn myndi meðal annars:

-Færa bráðabjónustu nær íbúum í fleiri sveitarfélögum

-Draga verulega úr viðbragðstíma í alvarlegum tilfellum

-Styðja við heilbrigðisstofnanir og bráðabjónustu á svæðinu í heild

-Tryggja jafnræði í aðgengi að lífsbjargandi þjónustu óháð búsetu

-Stytta tíma þegar þörf er á sjúkraflugi milli landshluta

-Skila meiri samfélagslegum ábata fyrir sama eða lægri heildarkostnað

Sem viðhengi fylgir myndræn framsetning sem sýnir hversu langt sjúkraþýrla af þessari gerð nær á 30 mínútum flugtíma, miðað við 5 mínútna útkallstíma og fjórar staðsetningar á landinu. Framsetningin varpar ljósi á hvernig dreifð HEMS þjónusta getur raunverulega bætt öryggi og viðbragðsgetu í fleiri landshlutum samtímis. Til samanburðar er akstur sjúkrabíls í 30 mínútur sýndur með grænum hringjum.

Einnig fylgir tengill á umfjöllun í Morgunvaktinni á Rás tvö þar sem flytjandi tillögunnar er spurður nánar út í forsendur hennar:

<https://www.ruv.is/utvarp/spila/morgunutvarpid/23822/biliak/vill-fastsetja-thyrlu-a-akureyri>

Að okkar mati myndi staðsetning einnar björgunarþýrlu á Akureyri ekki bæta bráðabjónustu landsins í heild sinni með marktækum hætti. Þvert á móti teljum við að dreifð HEMS þjónusta í samstarfi við heilbrigðiskerfið myndi þjóna íbúum ykkar sveitarfélags og landsins alls mun betur.

Við viljum því hvetja sveitarstjórn ykkar til að nýta umsagnarfrestinn og koma fram með sjálfstæða umsögn þar sem tekið er mið af hagsmunum íbúa ykkar og mikilvægi þess að fjármunir ríkisins séu nýttir á sem skilvirkastan hátt.

Við erum reiðubúin að veita frekari upplýsingar eða ræða málið nánar ef þess er óskað.

Virðingarfyllst,

Jón Grétar Sigurðsson, framkvæmdastjóri

Atlantsflug ehf

899 2532

Ögmundur Gíslason, flugrekstrarfræðingur / flugrekstrarstjóri

Atlantsflug ehf

ogm@atf.is
615 4848

